

Svar

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um fjarnám á framhaldsskólastigi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hve margir eru í fjarnámi á framhaldsskólastigi á þessu skólaári, sundurliðað eftir skólum og námsleiðum innan hvers skóla? Hvernig skiptist nemendafjöldi hverrar námsleiðar hvers skóla eftir landshlutum miðað við lögheimili nemenda?
2. Hve margir sóttu um fjarnám í haust og hve mörgum þurfti að synja um fjarnám, hvort tveggja sundurliðað eftir námsleiðum, skólum og landshlutum miðað við lögheimili umsækjenda?
3. Hver eru áform skólanna um framboð á fjarnámi á næstu árum og hver er spá þeirra um aðsókn?

Á vorönn 2004 voru samtals 2.007 nemendur í fjarnámi á framhaldsskólastigi. Í haust sóttu 2.320 nemendur um fjarnám en 313 var synjað. Sjá nánari suðurliðun í eftirfarandi töflum.

Nemendur í fjarnámi á framhaldsskólastigi, vorönn 2004.

Skóli	Áfangar og fjöldi nemenda í fjarnámi	Alls
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Áfangar í boði 170 á vorönn 2004. Kenndir áfangar 144. Alls voru 665 nemendur í fjarnámi við skólann á vorönn 2004	665
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Í boði eru 109 áfangar og kenndir voru 98. Alls voru skráðir 750 nemendur í fjarnám. Þar af voru 200 nemendur í skólanum og 550 nemendur í öðrum skólum eða utan skóla.	750
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	BÓK103 14, FJÖ103 38, FJÖ303 9 HAF101 2, ÍSL303 22, ÍSL603 24, LAN103 79, MHS103 21, SFS102 48, SHV101 45, SIT101 46, SOV46.	184
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Danska: 12. Eðlisfræði: 13. Efnafræði: 9. Enska: 35. Félagsfræði: 13. Fjölmiðlun: 2. Íslenska: 36. Jarðfræði: 10. Landafræði: 5. Listir og menning: 2. Líffræði: 14. Markaðsfræði: 2. Rekstrarhagfræði: 10. Saga: 37. Sálfræði: 12. Spænska: 11. Stærðfræði: 41. Þýska: 21. Þjóðhagfræði: 3.	139
Iðnskólinn í Reykjavík	Kenndir áfangar voru 26. Alls voru 65 nemendur í fjarnámi við skólann á vorönn 2004.	65
Námsflokkar Reykjavíkur	Eingöngu heilsugæslubrautir.	111
Borgarholtsskóli	Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar 29, listnámsbraut 9.	38
Fjölbrautaskólinn á Húsavík	BÓK103 6, ENS103 10, ÍSL103 4, STÆ103 7.	16
Menntaskólinn í Kópavogi	Skrifstofunám: 24 nemendur á vorönn 2004.	24
Kvennaskólinn í Reykjavík	Fimm nemendur skólans hafa verið í utanskólanámi í vetur, þar af fjórir sem dvalið hafa erlendis. Þeir eiga allir lögheimili á höfuðborgarsvæðinu.	5
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	10 nemendur eru í fjarnámi. Allir í sérgreinum netagerðar.	10
Samtals		2.007

Nemendur í fjarnámi skipt eftir lögheimili.

Skóli	Höfuð- borgar- svæðið	Reykja- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Erlendis	Dag- skóla- nem- endur	Alls
Verkmenntaskólinn á Akureyri	118	7	71	34	56	171	35	45	17	111	665
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	750										750
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	15		5			21	135	8			184
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	114		8		5		3	3	6		139
Iðnskólinn í Reykjavík	32	5	3	5	4	4	6	3	3		65
Námsflokkar Reykjavíkur	96		4		1	1	1	5	3		111
Borgarholtsskóli	17		7			5		9			38
Fjölbrautaskólinn á Húsavík						16					16
Menntaskólinn í Kópavogi			7		3		6	8			24
Kvennaskólinn í Reykjavík	1								4		5
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	2	1	1	2		3	1				10
Samtals	1.145	13	106	41	69	221	187	81	33	111	2.007

Umsóknir um fjarnám haustið 2003.

Skóli	Umsóknir um fjarnám í haust	Synjað um fjarnám
Verkmenntaskólinn á Akureyri	965	300
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	750	0
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	184	0
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	148	9
Iðnskólinn í Reykjavík	65	0
Námsflokkar Reykjavíkur	111	0
Borgarholtsskóli	42	4
Fjölbrautaskólinn á Húsavík	16	0
Menntaskólinn í Kópavogi	24	0
Kvennaskólinn í Reykjavík	5	0
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	10	0
Samtals	2.320	313

Áform skólanna um framboð á fjarnámi næstu ár og spá um aðsókn.

Skóli	Áform
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Reiknað er með svipuðum fjölda fjarnámsnemenda næsta skólaár.
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Skólinn telur að á næstu missirum verði svipaður fjöldi og verið hefur í fjarnámi í FÁ, þó er hámarkinu náð. Það má því gera ráð fyrir um 750 á haust og vorönnum og 450–500 á sumrin. Stefna skólans er að auka framboð þannig að nemendur geti lokið stúdentsprófi í fjarnámi innan fárra ára.
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	Reiknað er með svipuðum fjölda fjarnámsnemenda næsta skólaár.
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Skólinn stefnir að því að bjóða upp á fjarnám svipað því sem er núna á vorönn.

Skóli	Áform
Iðnskólinn í Reykjavík	Síðustu tvö ár hefur nemendafjöldi u.þ.b. tvöfaldast á milli anna. Búist er við áframhaldandi aukningu næstu tvö árin.
Námsflokkar Reykjavíkur Borgarholtsskóli	Sömu aðsókn spáð næsta ár. Áformað er að bjóða dreifnám í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum og á listnámsbraut. Haustið 2004 er reiknað með því að taka inn 15 nýja nemendur á hvort svið. Alls er reiknað með að haustið 2004 verði 45 nemendur í dreifnámi á lista- og upplýsingasviði. Haustið 2006 er spáð aðsókn sem svarar 30 nemendum á hvoru sviði, samtals 60 nemendum.
Fjölbrautaskólinn á Húsavík Menntaskólinn í Kópavogi	Reiknað er með svipuðum fjölda fjarnámsnemenda næsta skólaár. Skólinn mun í nánustu framtíð ekki bjóða fram fjarnám í almennum greinum en e.t.v. í einhverjum sérgreinum.
Kvennaskólinn í Reykjavík	Skólinn býður ekki upp á fjarnám en hefur gefið nemendum sínum kost á að vera utan skóla tímabundið. Skólinn mun halda áfram að þróa möguleika nemenda skólans til fjarnáms til að geta boðið blöndu fjarnáms og staðbundins náms.
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Nemendur í fjarnámi hafa fyrst og fremst verið í faggreinum netagerðar og ráðgert er að bjóða það nám áfram. Aðsókn í fjarnámið hefur verið sveiflukennt – frá einum upp í 40 einstaklinga (á síðasta ári). Áformað er að efla þessa kennslu og styrkja á komandi árum.
Flensborgarskóli	Innan skólans er unnið að þróun námsumhverfis og kennsluhátta með það fyrir augum að á næstu tveimur árum verði mjög auðvelt að bjóða stærsta hluta námsframboðsins jafnframt í dreif/fjarnámi. Ekki er gert ráð fyrir að fjarnám verði umfangsmikið við skólann á allra næstu árum.
Fjölbrautask í Breiðholti Framhaldsskólinn að Laugum	Ekkert fjarnám er hjá skólanum og ekki áform um að fara af stað með það. Ekki er boðið upp á fjarnám, en ljóst er að skólinn vill halda opnum möguleika á að bjóða slíkt.
Menntaskólinn á Ísafirði	Við skólann er ekki boðið upp á fjarnám fyrir nemendur utan svæðis. Hins vegar eru nokrir nemendur skólans í fjarnámi í einstökum áföngum við aðra framhaldsskóla, en fjöldi þeirra er teljandi á fingrum sér.
Menntaskólinn í Reykjavík	Skólinn býður nemendum að stunda fjarnám sem hluta af reglulega náminu. Boðið er upp á fjarnám í völdum námsþáttum sumra áfanga. Ákveðið hefur verið að taka upp kennslukerfi við skólann fyrir næsta skólaár. Ekki hefur verið ákveðið að bjóða upp á nám eingöngu með þessari námsleið.